



Reykjavík, 23. janúar 2020

R20010257

6631

ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Kjalarnes - Esjumelar - deiliskipulagsbreyting***

Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. janúar 2020, sbr. samþykkt skipulags og samgönguráðs frá 15. janúar 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnarsvæðins við Esjumela á Kjalarnesi, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er fagnaðarefni að Malbikunarstöðin Höfði verður fluttur frá ósum Elliðaánna og upp á iðnaðarsvæðið við Esjumela. Flutningurinn er í samræmi við Aðalskipulag en samkvæmt lóðarvilyrði verður greitt fyrir byggingarrétt samkvæmt mati fasteignasala að viðbættu gatnargerðargjaldi. Þá kemur fram í sáttmála þeirra flokka sem mynda meirihlutann í borgarstjórn að „Við ætlum að leggja malbikunarstöðinni Höfða til nýja lóð og kanna í kjölfarið kosti og galla þess að selja fyrirtækið“.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka þá afstöðu að borgin eigi ekki að vera í samkeppnisrekstri á borð við Malbikunarstöð. Eðlilegast væri að setja þennan rekstur í söluferli áður en farið verður í kostnaðarsama flutninga í jaðar borgarsvæðisins.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Samkvæmt kynningunni á að fella út 12 lóðir og gera að einni. Ekki er hægt að upplýsa hvert fermetraverðið er á lóðum á Esjumelum sem eru ótrúleg staðreynd. Samkvæmt kosningastefnuskrá Viðreisnar á að selja Malbikunarstöðina Höfða og í meirihlutasáttmála meirihlutans kemur fram að til standi að selja fyrirtækið. Hér er því